



tími sumardekkjanna er kominn opið í dag laugardag 10 - 14.

dekkjahollin.is



DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

Skeifunni 5
581 3002

Skútuvoði 12
581 3022



YOKOHAMA
-fyrir kröfuharða ökumenn

18. APRÍL 2015 • 14. tölublað 6. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Hlaupið í mark í Víðavangshlaupi ÍR. Þessi mynd er tekin í Austurstræti líklega á árunum 1936-8. Sveinn Sæmundsson yfirlög-regluþjónn tók myndina, en hún er úr safni Frosta B. Eiddssonar. Víðavangshlaup ÍR verður hlaupið í 100. sinn, sumardaginn fyrsta, en enginn íþróttaviðburður hérlandis á sér jafn langa óslitna sögu. **Sjá bls. 2.**

Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi héldu dómsmáli leyndu fyrir minnihlutunum:

Frétti af Hæstaréttar- máli á Facebook


Margrét Lind Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi gefur stjórn-sýslu meirihluta Sjálfstæðisflokksins algjöra falleinkunn. Seltjarnarnesbær var nýlega dæmdur til greiðslu skaðabóta í

Hæstarétti fyrir ólögmeta uppsögn starfsmanns. Margrét Lind taldi að málið væri úr sögunni, þegar bærinn var í héraðsdómi dæmdur til að greiða fyrriandandi starfsmanni bæjarins 2,5 milljónir króna í skaðabætur og málskotnað.

„Það kom mér því óneitanlega mjög á óvart þegar ég svo les um það á Facebook að Hæstiréttur væri með málið til meðferðar. Þetta var daginn fyrir dómsuppkvaðningu.“

Sjá bls. 2.

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Verð kr. 3390
Barnastærð f. 3-9 ára kr. 3190



höfuðhandklæði
elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

Gluggafilmur

Sand & sólarfilma

544
2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION*

Svefnsófi Cube 140 Deluxe

Stærð svefnflatar 140x200 cm

Litir: Ljóst / dökkt

Verð kr. 199.000,-

Nú aðeins kr. 129.935

Einnig fánlegur í 90 cm og 200 cm breidd

Þægilegur svefnsófi m/tungu

Stór rúmfatageymsla

Auðveldur í notkun

Stillanlegir höfuðpúðar

Þykkt gæðaleður

Stærð: Breidd: 244 cm

Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm

Kynningarverð aðeins kr.

299.900



10-35%
afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán.
vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



Fjölskyldudagur í Gróttu

Til stendur að fagna komandi sumri á Seltjarnarnesi með viðburðaríkum fjölskyldudegi í Gróttu á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl. Hátíðin höfðar til allra aldurshópa segir í tilkynningu frá bænum.

Lagt er til að fólk taki með skólfur og fótur til leikja í fjörunni og líka til að krækja í furðuverur sem síðan verða rannsakaðar innandyra í Fræðasetrinu.

Fjölmargir viðburðir verða og lífandi tónlist, kaffi og vöffur líka. Skipulögð dagskrá stendur frá kl. 14-16 en opið er út í eyjuna frá kl. 13:40 -17:40 og mun Björgunarsveitin Ársæll sjá um að ferja fólk sem ekki á auðvelt með að komast fótgangandi til og frá Gróttu. Friðlandið Gróttu verður svo lokað allri umferð frá 1. maí til 15. júlí.

Óbreytt eignarhald Toyota

Sögusagnir um að Magnús Kristinsson, sem varð landsþekktur fyrir mikil umsvif fyrir hrun og útgerð frá Eyjum, sé að nýju orðinn eigandi Toyotaumboðsins á Íslandi, eiga ekki við rök að styðjast.

Töluvert hefur verið rætt manna á milli, í Vestmannaeyjum sem Reykjavík undanfarið að Magnús hafi að nýju eignast Toyota. Hann keypti Toyota á Íslandi árið 2005, en síðan tók Landsbankinn það yfir eftir hrun.

Núverandi eigendur Toyotaum-



boðsins hérlendis eru Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota og Kristján Þorbergsson, sem eiga það til helminga, staðfestir Úlfar í samtali við blaðið.

Magnús Kristinsson er hins vegar stór eigandi í fyrirtækinu Kraftvélum sem meðal annars flytja inn lyftara frá Toyota. Hann er þar stjórnarformaður og mun eiga um 40 prósentu hlut.

Íþrótt- og tómstundaráð borgarinnar:

Átak vegna afmælis

Til stendur að kanna laun kynjanna og stefna að því að laga kynbundinn mun hjá starfsmönnum Íþrótt- og tómstundaráðs borgarinnar. Á dögnum var samþykkt tillaga í ráðinu svo hljóðandi: „Í tilefni þess að í ár fagnar Reykjavíkurborg 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi þá mun ÍTR láta gera jafnlaunaúttekt innan sviðsins og skal ÍTR vera búíð að ná svo staðfest verði jafnlaunavottun á afmælisárinu 2015.“ Tillagan var lögð fram að fulltrúa

Framsóknar- og flugvallarvina í ráðinu.

10. Lögð fram að nýju tillaga Framsóknar- og flugvallarvina frá síðasta fundi um jafnlaunaáttak innan ÍTR.

Í jafnlaunavottun er fólgið að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Starfsfólk Íþrótt- og tómstundaráðs sinnir ýmsum störfum víða í borginni, til að mynda í sundlaugum, íþróttamiðstöðvum, Hinu Húsinu, á skíðasvæðum, í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og víðar.

Stjórnsýsla meirihluta sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi gagnrýnd:

Hæstaréttarmál aldrei rætt í bæjarráði

Ég var aldrei upplýst um að ákveðið hafi verið að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms og það var aldrei rætt um það í bæjarráði,“ segir Margrét Lind Ólafsdóttir. Þessa ákvörðun hafi meirihlutinn tekið án samráðs og ekki einu sinni haft fyrir því að láta vita.

Hér vísar Margrét til þess þegar Seltjarnarnesbær var í Hæstarétti dæmdur fyrir ólögmeta uppsögn og til greiðslu miskabóta, þegar konu sem unnið hafði hjá bænum í aldarfjórðung var sagt upp fyrirvaralaust og vísað út af vinnustað.

Samfylkingin gagnrýndi uppsögnina og aðferðina á sínum tíma í bæjarstjórn.

Reykjavík vikublað hefur nokkuð fjallað um málið. Starfsmannafélag Reykjavíkur hefur gagnrýnt aðgerðir bæjarins og sálfræðingur hefur bent á að slík framkoma við fólk sé langt í frá til fyrirmyndar. Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri hefur ekki viljað ræða þetta mál við blaðið; hvorki málið efnislega, né viðbrögð bæjarins við dómi Hæstaréttar.



Margrét Lind Ólafsdóttir.

Margrét Lind er ósatt við að meirihluti Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi biti höfuðið af skömminni með því að taka einhliða ákvarðanir um dómsmál og láti ekki svo lítið að upplýsa kjörna fulltrúa. „Þetta þykir mér áfelligdómur yfir störfum þeirra því þótt ég sé í minnihluta að þá sit ég í stjórn bæjarráðs og er bæjarfulltrúi og það á ekki að ganga fram hjá því,“ segir Margrét Lind.

Nýlega var Seltjarnarnesbær dæmdur í héraði fyrir ólöglega ráðn-



Ásgerður Halldórsdóttir.

ingu. Margrét Lind segir ljóst að ekki hafi faglega verið staðið að ferlinu, „sem ég harma mjög,“ segir Margrét Lind. Samfylkingarfólk hafi ítrekað komið því á framfæri að vandað sé til verka hjá bænum og fagleg vinnubrögð ástunduð. „Það er greinilegt að það þarf að bæta stjórnsýsluleg vinnubrögð og vona ég að með þessum dómum verði það gert,“ segir Margrét Lind.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri hafði ekki svarað erindi blaðsins þegar það fór í prentun.

Aldarafmæli Víðavangshlaups ÍR:

Borgarstjórinn hleypur hjá ÍR

Ég hef satt best að segja oft verið í betra formi,“ segir Dagur B.

„Eggertsson, borgarstjóri sem segist þrátt fyrir það ætla að taka þátt í Víðavangshlaupi ÍR á sumar-

daginn fyrsta, en þá á hlaupið aldarafmæli. Fyrst var hlaupið sumardaginn fyrsta árið 1916 og á enginn íþróttaviðburður hérlendis sér jafn langa samfellda sögu. „Af þessum



Vonast er til þess að 10 þúsundasti keppandinn taki þátt í hlaupinu í ár, en Víðavangshlaup ÍR hefur verið haldið óslitið í heila öld.



Dagur segist ekki ætla að missa af hlaupinu, þótt formið hafi verið betra.

ástæðum ætla ég að hlaupa!“ segir Dagur sem skrifar þessa orðsendingu í Facebook hóp Breiðhyltinga. Hann hvetur Breiðholtsbúa til að reima á sig hlaupaskóna.

ÍR-ingum telst til að 9281 keppandi hafi komist í mark í Víðavangshlaupinu og nú er markið sett á að sprengja tíu þúsund keppenda múrinn. ÍR-ingar hyggjast verðlauna sérstaklega þann þátttakanda sem rýfur þennan múr með því að hlaupa yfir marklínuna.

Hlaupið er fimm kílómetrar og liggur leiðin um hjarta Reykjavíkurborgar. Keppt er í ýmsum aldursflokkum og veitt verðlaun fyrir fyrsta karl og fyrstu konu í öllum flokkum og líka í sveitarkeppni karla og kvenna.

Karlar og heimilið

Hvert er hlutverk karlmannsins í dæmigerðri fjölskyldu? Í dag klukkan 14 verður efnt til málþings í tengslum við sýninguna MENN sem nú stendur yfir í Hafnarborg í Hafnarfirði, þar sem meðal annars verður rætt um þetta.

Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) skipuleggur málþingið en þar koma fræðimenn og samfélagsrýnar saman og ræða efni sýningarinnar frá sjónarhóli karla- og jafnréttisfræða.

Þátttakendur eru allir þekktir fyrir rannsóknir eða skrif um jafnréttismál

en það eru þeir Ingólfur V. Gíslason, Jón Ingvar Kjaran og Árni Matthíasson. Haukur Ingvarsson rithöfundur og bókmenntafræðingur stýrir málþinginu en að framsöguerindum loknum taka listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni, þátt í pallborðsumræðum.

Sýningin MENN beinir sjónum að stöðu karla við upphaf 21. aldar og þeim breytingum sem orðið hafa á högum þeirra í ljósi breyttrar stöðu kvenna. Á sýningunni eru verk eftir þá Curver Thoroddsen, Finn Arnar Arnarson, Hlyn Hallsson og Kristinn



Myndin sýnir verk Curvers. Kung Fu, Þvottahús 2015.

G. Harðarson. Í verkunum takast þeir á við spurningar um stöðu karla innan fjölskyldu, hugmyndir um þátttöku þeirra í heimilislífi, ábyrgð á afkomu og uppeldi barna.

pitt.is

Ert þú búin/n að skrá pitt lén?
5.980 kr. á ári

ISNIC

Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Fylgstu með á facebook-Lindex Iceland

LINDEX

BEAUTY

Komið í verðslanir

LEIÐARI



Smá auðmykt takk

Slysið í læknum í Hafnarfirði í vikunni er öllum erfitt. Ekki aðeins drengjunum sem lentu í slysinu og fjölskyldu þeirra, heldur einnig öllum sem hafa orðið vitni að því í gegnum fjölmiðla og Hafnarfirðingar sérstaklega. Enn er verið að rannsaka hvað átti sér stað og reynt verður að fyrirbyggja að nokkuð svona gerist aftur. 11 ára systir drengjanna sem lentu í fossinum hringdi á hjálp. Hún og maðurinn sem reyndi að koma drengjunum til hjálpar eiga hrós skilið eins og aðrir viðbragðsaðilar.

Slysið kom við fleiri. Fregnir af því öllu mikilli skelfingu hjá fjöldamörgum hafnirskum foreldrum. Bláðið þekkir nokkur dæmi frá fyrstu hendi af ötta og áhyggjum þegar ekki náðist í börn í síma, eftir að Vísir greindi frá því að börn kynnu að hafa druknað í læknum í Hafnarfirði. Fréttir annarra miðla voru óljósar. Fólk rauk af stað og blessunarlega fundu allir börnin sín heil á húfi.

Guðmundur Árni Stefánsson fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði og sem sjálfur var einu sinni blaðamaður ræðir þetta eins og margir aðrir. Hann er harðorður í garð fjölmiðla.

„Hvaða almannahagsmunir, sem eru og eiga jafnan að vera leiðarljós fjölmiðla, kölluðu á það, að flestir fjölmiðlar þyrftu nánast að greina frá hinum hræðilegu atburðum og þróun þeirra í beinni útsendingu. Þar var fjallað um að tveir ungir drengir væru mjög hætt komnir og sagt að á þeim tímapunkti væri óvíst að þeir lifðu af. Fyrsta fréttin birtist á netsíðum fjölmiðla á meðan björgunaraðgerðir stóðu yfir og voru eðli máls óljósar og spásagnakenndar. Og eins og venjulega, þá fylgdu flestallir fjölmiðlar í kjölfar þess fyrsta, sem fréttina birti,“ segir hann á Facebook síðu sinni. Og hann heldur áfram:

„Þessar óljósu fréttir netmiðlanna gerðu það að verkum, að foreldrar hundruða barna í Hafnarfirði fylltust skelfingu og ötta um eigin börn. Þrjú grunnskólar eru mjög nærri vettvangi slyssins og því ekki óeðlilegt að starfsfólk skólanna svo ekki sé talað um foreldra skólabarna, hafi brugðið í brún og það skapað hræðslu við þessar fréttir. Það er ljóst að síminn logaði í Hafnarfirðinum í gær, þegar foreldrar reyndu að fá upplýst um öryggi eigin barna.“

Fjölmargin taka undir með Guðmundi Árna.

Áberandi viðbúnaður við lækinn varð raunar til þess að fregnir um slysbárust hratt um snjallsíma og samfélagsmiðla. Eitt af hlutverkum fjölmiðla er að flytja staðreyndir og hrekja sögusagnir sem auðveldlega kvikna við þessar aðstæður. Fyrstu fréttir af slysinu gefa því miður ekki tilefni til að ætla að fjölmiðlarnir hafi uppfyllt þetta mikilvæga hlutverk. Afleiðingin var óttasleginn almenningur. Það er nokkuð sem við sem störfum við fjölmiðla þurfum að taka alvarlega og sýna auðmykt gagnvart eðlilegum og skiljanlegum viðbrögðum fólks. Það þarf að læra af þessu máli, en það hefur líka sinn tíma.

Núna er bara eitt sem skiptir máli. Hugur okkar er hjá drengnum litla sem enn liggur á spítala og fjölskyldu hans.

Ingimar Karl Helgason

Ummæli með erindi:

„Í fyrra átti ég mér þann stóra draum að gera öllum grunnskólanemendum og kennurum á Íslandi kleift að sjá sólmyrkvann. Af hverju? Fyrri ástæðan var einfaldlega sú að sem flestir fengu að sjá magnað, ógleymanlegt, furðulegt og vonandi áhrifaríkt sjónarspil. Hin ástæðan var sú, að reyna að efla áhuga ykkar á vísindum og náttúrunni. Hvers vegna? Vegna þess að áhuga á

vísindum fylgja gjarnan tvö töl sem eru einstaklega dýrmæt í daglegu lífi: Forvitni og efi.“

- Sævar Helgi

Bragason, formaður Stjórnuskóðunarfélag Seltjarnarness, í ræðu við borgaralega fermingu hjá Síðmennt um síðustu helgi.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Gull og græn ...

Ásmundur Einar Daðason sem leggur leyniskýrslum kröfuhafa til orðin, sýndi sig í bráðsnotrúm grænum jakkafötum í hófi að loknu flokksþingi Framsóknarflokksins um síðustu helgi. Nú er skorað á Ásmund Einar að mæta í fötunum til þings og hefur verið stofnuð Facebook síða þar sem áskoruninni er fylgt eftir. Það er auðvitað í takt við annað að fáir aðrir en flokkshöllir framsóknarmenn eru meðlimir í þeim félagsskap. Myndina tók svo auðvitað fram-sóknarmaðurinn Karl Garðarson, sem kallar fatnaðinn nýjan einkennisbúning Framsóknarflokksins.



Ólíkt hljóð

Læknar fengu miklar hækkningar og vilýrði stjórnvalda um stórfenglegar fjárfestingar í heilbrigðiskerfinu eftir mikil verkföll þeirra. Ekki var það fordæmi segir fjármálaráðherra. Það er undarlegt. En ekki vekur minni undrun að heyra lækna hvern á fætur öðrum í fjölmiðlum tala um afleiðingarnar af verkfalli BHM fólks. Ekki er annað að heyra á læknum en að þeir sem nú eru í verkfalli séu mikilvægari en þeir sjálfir. Stjórnvöld hljóta að meta það mikilvægi til launa líkt og fyrr í vetur.

Upplýst ákvörðun?

Hanna Birna Kristjánsdóttir sést ekki á þingi, en Kjarninn nefndi eftir heimildum sínum, að hún hyggðist taka sæti á þingi nú í vor. Fáir þingfundadagar eru eftir og ætla má að sitjandi þingmenn hafi nú mánuðum saman legið yfir flóknum og mikilvægum frumvörpum. Líka varamaður Hönnu Birnu, Sigríður Andersen. Það virðist því skjóta skökku við að taka varamanninn út, loksins þegar taka á upplýsta ákvörðun.



Grenivík

Forystufólk í verkalýðshreyfingu og aðrir hafa fagnað þriðjungshækkun stjórnarlausna hjá HB Granda, enda sýnir hún - sem og ofurhagnaður fyrirtækisins - að nægt svigrúm sé til launahækkana. Stjórnarlausun fyrir einn fund eru ekki langt frá mánaðarlausnum verkafólks. Ekki er á stjórnarformanni HB Granda að heyra að til standi að verða við kröfum verkafólks. Þótt formaður Samtaka atvinnulífsins segi að hækkun stjórnarlausanna hafi verið taktlaus, þá lætur hann samt eins og sjálfsgöð hækkun lægstu launa sé almenn krafa um 50 prósent launahækkun allra. Á Grenivík í gamla daga - og sjálfsgöð enn - var svoleiðis kallað að blekkja.

Mjór er mikils vísir

Öft kemur það í hlut stjórnvalda að greiða götuna fyrir verkefnum sem ella hefðu ekki fengið brautargengi. Það er nefnilega þannig að lítil verkefni sem ýtt er úr vör af hugsjónafólki verða hreyfiafl þó áhrif þeirra verði ekki metin til fjár sem oft vill vera mælikvarði í samfélagi nútímans. Þannig verkefni geta hins vegar breytt viðhorfum manna eða gert heiminn á einhvern hátt betri fyrir bæði stóra og litla hópna í samfélaginu. Rannsóknir og athugningar á stöðu ákveðinna hópna geta líka opnað augu okkar fyrir breytingum sem nauðsynlegt er að ráðast í eða þjónustu sem þarf að veita

Með þessum hætti nýtast einmitt styrkir og styrkveitingar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar. Á hverju ári veitir ráðið styrki til félags- og grasróarsamtaka og einstaklinga. Allt eru þetta styrkir til verkefna sem stuðla að og styðja við mannréttindi með einum eða öðrum hætti. Verkefni eru margs konar og endurspegla þau fjölbreytni mannlífsins. Oftar en ekki miða þau að því að fræða fólk, vinna gegn hvers kyns fordómum og kynjamerktum eða rannsaka umhverfi og lífsskilyrði tiltekinna hópna samfélagsins. Öll verkefni skipta máli fyrir samfélagið til styttri eða lengri tíma.

Nú auglýsir mannréttindaráð eftir styrkumsóknnum mannréttindaráðs. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl. Þá auglýsir ráðið einnig eftir tilnefningum til mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar en þeirri útnefningu fylgja peningaverðlaun í fyrsta sinn frá því að þessi verðlaun voru veitt. Fresturinn til að tilnefna til mannréttindaverðlauna Reykjavíkur rennur út 30. apríl. Ég hvet alla til þess að tilnefna verðuga fulltrúa, sem með starfi sínu vinna að mannréttindum og gegn mismunun, til að hljóta mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar. Einnig hvet ég alla að sækja um styrki til ráðsins fyrir verkefni sem geta verið lóð á vogaskálar mannréttindabaráttunnar. Það er nefnilega þannig að mjór getur verið mikils vísir.



Höfundur er Líf Magueudóttir, formaður Mannréttindaráðs og varaborgarfulltrúi VG.

Tilnefningar til mannréttindaverðlauna má senda á netfangið mannrettindi@reykjavik.is og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef-slóðinni <http://reykjavik.is/styrkir>.

Í FRÉTTUM

Gullhamrar

Framsóknarmenn slógu sjálfum sér gullhamra um síðustu helgi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



formaður flokksins flutti þau tíðindi að kröfuhafar í þrotabú gömlu bankanna hræddust enga nema framsóknarmenn. Um þetta vitnuðu leyniskýrslur. Á daginn kom að ummælin um ötta kröfuhafa við framsóknarmenn voru höfð eftir Ámundi Einari Daðasyni, aðstoðarmanni formannsins sem hafði látið þau falla í blaðagrein.

Dauðans alvara

Lýðheilsurannsókn sýnir að tengsl eru milli dauðsfalla og brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Helligheiðarvirkjun starfar nú samkvæmt undanþágu frá hertum reglum um styrk þessa efnis í andrúmslofti. Fyrirtækið segist vinna að því hörðum höndum að draga úr útblæstri efnisins.

Örökrétt

Ríkislögreglustjóri hefur farið fram á það að keyptar verði vélbyssur til að vopna að minnsta



kosti 150 lögglumenn. Þetta kemur fram í greinargerð sem hann hefur sent innanríkisráðherra og Spegillinn fjallaði um í vikunni. Ríkislögreglustjóri vill þó helst vopna fleiri. Spegillinn hefur eftir ráðherra að eðlilegt sé að verða við þessu, telji ríkislögreglustjóri þörf á. Ljóst er hins vegar að þrátt fyrir óljósa tilvísanir lögglu um óljósa hryðjuverkaógn, að almenningur er ekki endilega fylgjandi því að lögregla vopnaveðist með þessum hætti. Tæplega er hægt að líta á slík málalok sem rökrétta niðurstöðu af þeirri umræðu sem spratt fyrir fáum mánuðum um dularfull byssukaup frá Noregi.

Á götunni

Göturnar hafa aldrei komið verr undan vetri. Þetta viðurkenndi borgarstjóri í vikunni í samtali við Ríkisútvarpið. Háværar raddir hafa hrópað um stríð borgarstjórnarmeirihlutans gegn einkabilnum og séð holur í götum sem röksemd í málinu. Götur slitna samt víðar undan dekkjum bíla. Borgin hyggst verja miklu fé til viðgerða á götum í sumar. Það munu önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu líka þurfa að gera, óháð því hverjir sitja í meirihluta í bæjarstjórn.

Peningar

Lúxushótel við Hörpu, sundlaugarmannvirki, 800, hundruð stúdentabúða og vísindagarðar



eru meðal þeirra framkvæmda sem væntanlegar í borginni, ef marka má fréttir af fjárfestingum í ár og næstu misseri. Borgin ætlar sjálf að fjárfesta fyrir um 8,5 milljarða króna í ár í skóla- og íþróttamannvirkjum í Úlfarsárdal, viðbyggingum við Kletta-skóla og Vesturbæjarskóla og útilaug við Sundhöllina svo dæmi séu tekin.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

14. TBL. 6. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritsstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islensturmatour.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is

FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚM
BETUR



bygg.is

Skóðið
teikningar
á bygg.is

Naustavör 2-8



2 ÍBÚÐIR ÓSELDAR

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 2 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.

Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum.

Lundur 2-6



3 ÍBÚÐIR ÓSELDAR

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

Nýhöfn 2-6



2 ÍBÚÐIR ÓSELDAR

Sjálandi í Garðabæ

Íbúðirnar eru frá 125-150 fm, 3ja og 4ra herbergja.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Tvítýngi er fjarsjóður, hálfþýngi er vanmáttur

Fjölmenningarlegt samfélag er orðið að veruleika í Reykjavík og á landinu öllu. Hlutfall grunnskólanemenda í borginni með annað móðurmál en íslensku er í kringum 10%. Niðurstöður úr málkönnunarprófinu „Milli Mála“ sem var lagt fyrir u.þ.b. 1400 börn af erlendum uppruna eru sláandi. Hátt upp í 400 börn eða tæplega 25% hafa náð góðum tókum á íslensku og eru ekki í vandræðum að takast á við námið sitt. Tæplega 200 börn eða 15% þurfa markvissan stuðning en nánast 60% eru á rauðu – með svo takmarkaðri íslenskukunnáttu að þau geta engan vegin takast á við námið sitt. Á bak við þessi 60% eru sem sagt yfir 800 börn í Reykjavík sem eiga sér ekki möguleika að takast á við frekari nám, að taka virkan þátt í samfélaginu, að njóta sín til fulls.

Miðað við þróun í innflytjendamálum á Íslandi er stærsti hluti barna af erlendum uppruna á grunn- og leikskólaaldri. Tímenn til þess að við stöndum okkur betur en önnur lönd, til þess að eiga einfaldlega enga „næsta kynslóð“ heldur samfélag sem bíður öllum börnum sömu tækifærin er nauðgur. Helstu sérfræðingar í þessum mállefnum þ. á m. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálfræðum við HÍ, telja að virkt tvítýngi sé mikilvæg undirstaða náms í íslensku og jafnframt góðs námsárangurs, jákvæðrar

sjálfsmýndar og virkrar þátttöku í samfélaginu. Hins vegar getur úrræðaleyfi í þessum efnum leitt af sér svokallað neikvætt tvítýngi þar sem nemandinn hefur við lok grunnskóla hvorki nægilegt vald á íslensku né móðurmálinu og má fullræða að slíkt neikvætt tvítýngi útlöki barn frá frekari menntun auk

Íslenskan er eins og við öll vitum, móðurmálið okkar og það ber okkur að varðveita hverja stund. En við eigum líka að bera virðingu fyrir öllum erlendum tungumálum og skilja að þau eru jafn dýrmæt og íslenskan er okkur.

Vigdís Finnbogadóttir

þess sem það getur dregið verulega úr velgengi þess í samfélaginu. Enginn lærir einfaldlega ekki nýtt tungumál ef hann er ekki með móðurmálið á hreinu.

Fjöldi þeirra lagaatkvæði, reglugerða og tilmæla sem mæla með aukinni áherslu á virkt tvítýngi og stuðning við móðurmálið er feikilegur, þ.m.t. Barnasáttmálin Sameinuðu þjóðanna, aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalögin, drög að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda (lögð fram í des. 2014), ályktun íslenskrar málnefndar frá 2013, Hvítbók og stefna SFS um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf.



Höfundur er Sabine Leskopf, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Skóla- og frístundaráðið samþykkti á síðasta fundinum sínum að koma á tilraunaverkefni til tveggja ára um að ráðnir verði tveir tvítýngdir grunnskólakennarar (farkennarar). Hlutverk kennaranna verður annars vegar að kenna móðurmál nemenda og hins vegar að styðja við nemendur sem ekki hafa náð fullum tókum á íslensku máli. Jafnframt verður unnið innleiðingarætlun að frekari tillögum til stuðnings við þennan hóp. Sérstök áhersla verður þar lögð á hlutverk foreldra til þess að gera skólann að innangangi í íslenska samfélagið. Ljóst er að mikið verk er að vinna.

Sjálfsagðar upplýsinga-beiðnir eða McCarthyismi?

Í síðustu viku flutti Kjarninn fréttir í af því að Gunnlaugur Magnús Sigmondsson hefði sent Halldóri Auðar Svanssoni, borgarfulltrúa Pírata og formanni stjórnkerfis- og lýðræðisráðs borgarinnar bréf, þar sem hann fer fram á upplýsingar um samskipti borgarinnar og Reykjavíkur vikublaðs, vegna dreifingar blaðsins á fjórblöðungi frá Borgarbókasafninu. Óskar hann eftir afriti af öllum samningum og skriflegum samskiptum sem tengjast samskiptum borgarinnar og blaðsins, auk svara við fjölda spurninga sem safnað er undir sex ólíka töluhöfðum.

Gunnlaugur hefur bréfið á því útskýra upplýsingaósk sína með þeim orðum að sem „íbúi og útsvarsgreiðandi í Reykjavík“ hafi hann „áhuga á því hvernig haldið er á fjármunum borgarsjóðs“. Ekkert nema gott um það að segja. Borgararnir eiga að veita stjórnvöldum aðhald. Hvort sem þeir heita Gunnlaugur eða Magnús.

Það er hins vegar erfitt að lesa úr bréfinu heiðarlegan áhuga á því hvernig fjármunum borgarinnar sé varið til að kynna íbúum þá þjónustu sem hún hefur upp á að bjóða.

Þvert á móti sér Gunnlaugur sérstaka ástæðu til að benda á að ábyrgðarmaður Reykjavíkur vikublaðs sé „þekktur fyrir störf á vettvangi Alþýðuflokks og Samfylkingar“ og bætir við að ritstjóri blaðsins



Höfundur er Magnús Sveinn Helgason

„mun hafa verið í framboði fyrir VG í Reykjavík“.

Þetta er upplaggið að fyrirspurninni. Útgefandi og ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs séu vinstrimenn. Það eitt virðist nægja Gunnlaugi til að tortryggja samskipti borgarinnar og blaðsins.

Það er ekki meiri reynsla yfir þessu.

Finnst Gunnlaugi, sem er bæði einn auðugasti maður landsins og faðir stjórnsýsluáhræðingra, virkilega viðeigandi að hann standi í McCarthyískum rannsóknum á ímynduðum vinstri-samsærum? Eða, ef markmiðið var aðeins að afla sér upplýsinga um rekstur borgarinnar, væri ekki eðlilegra að maður af stöðu Gunnlaugs léti vera að skrifa bréf sem engin leið er að lesa öðru vísi en sem tilraun til slíks?

Það er svo umhugsunarvert að Reykjavík Vikublað skuli nú vera sá fjölmiðill sem Framsóknarmenn hafa mestar áhyggjur af.

Hið andlega fárviðri

Nú er komin út bókinn Vertu úlfur eftir Héðin Unnsteinsson. Héðinn er einn fremsti sérfræðingur þjóðarinnar á sviði geðheilbrigðismála og framlag hans til þess málaflokks er þjóðinni gríðarlega dýrmætt. Má þar m.a. nefna Geðorðin 10 sem hanga á veflestum ísskápshurðum landans, á vinnustöðum, í kennslustofum og víðar.

Í bókinni Vertu úlfur leggur Héðinn

sjálfan sig undir með því að deila með lesendum tímabili í lífi sínu þar sem hann fór frá því að vera jakkafataklæddur ráðuneytissérfræðingur í að vera (talinn) alvarlega geðsjúkur maður sem hefur misst alla sína reisu og endaði sem viljalaust verkfæri einstaklinga og aðstæðna sem hann sjálfur hafði enga stjórn á.

Með ótrúlegum styrk og þekkingu, bæði á sjálfum sér og sjúkdómnum, le-

yfir hann lesandanum að fylgjast með hruninu öllu og upprisunni sjálfri í eigin lífi. Í sjúkum huga sínum myndar m.a. snarbiluð tengsl milli stöðu sinnar og hins eiginlega hruns sem síðar átti eftir að verða.

Reisu Héðins, kærleikur, virðing og skynjun fyrir heildarmyndinni kemur svo vel fram í frásögninni. Það var ómögulegt að leggja frá sér bókina allt frá fyrstu blaðsíðu til þeirrar síðustu. Ég hef lengi ekki lesið bók sem hefur haft svona áhrif á mig. Svona sérstök áhrif. Ég grét aftur og

aftur, sá hómorinn í fánleikanum, fann á köflum til mikillar reiði yfir því kerfi sem við höfum komið okkur upp í tengslum við geðheilbrigðisþjónustu, skynjaði óbærilegan sársauka í gegnum frásögnina, og langaði til að reyna að skilja það andlega fárviðri sem á sér stað í huga einstaklings sem tekst á við veikindi af þessu tagi.

Frásögnin öll er einstaklega ljóðræn. Djúp vitund Héðins um það sem er í gangi frá mínútu til mínútu meðan veikindin stöðu yfir, gerir mann í raun þáttakanda í atburðarásinni vegna spennuþrunginnar frásagnar hans. Dásamleg er notkun tungumálsins þar sem Héðinn lýsir dýpri skynjun á hverju smáatriði í líkama sínum, í umhverfi sínu, á alheiminum, skynjun sem er yktari og öfgafyllri en venjulegur maður getur skilið. Hver einasta skynjun, andleg og líkamleg, virðist þúsundföld, næmi fyrir manneskjum, náttúru, sjálfum sér - og Guði.

Héðinn skilur okkur lesendur eftir með sterka samliðan með honum og sammannlegan vilja til að hjálpa til. Og það var svo fallegt að lesa um vini hans sem sýndu honum skilning og virðingu og leyfðu honum að ráða ferðinni í fánalegu leikriti lífs hans þegar mest gekk á.

Þetta er engin venjuleg manneskja sem Héðinn lýsir í æðikastinu - í uppeimum, og frásagnir eru magnaðar af fánleikanum sem í textanum líða áfram eins og eðlilegur hlutur í sjúkum huga. Í geðveikum huga geta ítrekuð fataskipti, sérdregnar gardínur í sjúkrastofu, fólkíð í útvarpinu og útreiknuð bílnúmer haft stórkostleg áhrif á framvindu mikilvægra mála eða jafnvel á framtíð heimsins. Á sama tíma að átta sig á, milli heima, - að eitthvað er ekki eins og það á að vera og svo síðan hrundi þegar „þykka flauelsteppið var yfir heilanum“.

Upprisan hefur tekið tíma. Að ná sáttum og fyrirgefna. Og það hefur Héðinn gert. Markmið hans er að hafa áhrif til breytinga.

Það þarf mikið þor til að skrifa svona bók. Ekki síst fyrir mann sem vill láta taka



Höfundur er Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri, Akureyri

sig alvarlega sem pólitískur ráðgjafi eða sérfræðingur, jafnvel á heimsvísu, en Héðinn starfaði m.a. hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni.

Eitt er víst að Héðinn Unnsteinsson er enn stærri manneskja og mikilvægi fyrir að stíga fram og deila með okkur hvernig það er að hafa veikast af geðhvarfasýki en vera samt einn af lykilmönnum, hugsuðunum í íslensku samfélagi. Það sannar fyrir mér að við höfum líklega farið á mis við stórkostlegar manneskjur í gegnum tíðina sem hafa greinst með sama sjúkdóm, vegna þess að þær voru ekki meðhöndlaðar rétt og fengu ekki þann kærleik og skilning sem til þurfti.

Í lok bókar færir Héðinn Unnsteinsson þjóðinni ótrúlega fallega gjöf í formi lífsorðanna 14 sem hver einasta manneskja getur fundið bjargræði í.

Vertu úlfur er einstök bók sem allir ættu að lesa til að reyna að skilja hvað á sér stað í heimi einstaklings sem hefur verið sleginn af í samfélaginu vegna þeirra ríkjandi viðhorfa sem ríkt hafa í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

Héðinn segir á einum stað í bókinni þegar hann lýsir viðbrögðum heilbrigðiskerfisins við geðsjúkum manni: „það var litla móðurorka að finna í heilbrigðiskerfinu“.

Móðurorkan sem er kærleikurinn í sinni fegurstu mynd.

Hafðu þakkar Héðinn Unnsteinsson fyrir framlag þitt.

JEPPADEKK

Dick CEPEK AT315 AT405

NOKIAN TYRES ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

LANGTÍMALEIGA **AVIS**



EKKERT VESEN

Losnaðu við vesenið með langtímaleigu AVIS

Langtímaleiga AVIS er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. Í langtímaleigu fæst nýr eða nýlegur bíll, engin útborgun, tryggingar innifaldar, engin endursöluáhætta og ekkert vesen við dekkjaskipti, olíuskipti eða smáviðhald.



AVIS bílaleiga sími **591 4000** - avis.is

AVIS[®]

Svipmyndir frá liðnum vetri



Fyrsti snjór vetrarins á húspökum í október.



Skólanemendur dönsuðu fyrir starfsfólk menntamálaráðuneytisins, skömmu áður en fyrsti snjórinn 'sýndi sig í fyrrahaust.



Krakkarnir þurftu litla hvatningu þegar fyrsti snjórinn féll.



Enda þótt ekki væri mikið af snjónum þarna í upphafi.



Svo varð nú snjólaust í nokkurn tíma.



Fallegt haust við leikvöll í Breiðholti, en endurbættur völlur var tekinn í notkun í byrjun október.



Svona var umhorfs við Breiðholtslaug fyrir örfáum vikum.



Það var oft kalt að bíða eftir strætó. Sérstaklega eftir að opnunartími hússins var stytur verulega.



Algengt sjón í vetur.



Hjólástigur lagður í Skerjafirði í lok september.



Og það mátti líka reyna að slétta ísinn á tjörninni.



Algengt verk í vetur.



Leikvöllur lagður í lok september.

Frumkvæði og fagmennska



Veljum Íslenskt

IDNTRÉ

Draghálsi 10 | 110 Reykjavík | Sími 577 6530 | idntre@idntre.is | www.idntre.is



Veljum Íslenskt

UMFJÖLLUN

Í helvíti nasismans

Haustið 1942 handtók Gestapó 22 ára íslenskan námsmann í Ósló, Leif H. Muller að nafni. Glæpurinn Leifs var að ætla sér að yfirgefa landið með ólöglegum hætti. Við tók hryllileg vist í fangabúðum nasista. Fyrst í Grini-fangelsinu í Noregi og síðar í Sachsenhausen-fangabúðunum í Oranienburg, rúmlega þrjátíu kílómetra frá Berlín.

Í fangabúðum nasista, endurminningar Leifs, kom fyrst út aðeins þremur mánuðum eftir heimkomu Leifs, árið 1945. Bókin ber þess merki að vera skrifuð þegar örskammt er liðið frá frelsun Leifs. Áratugum seinna kom bókin Býr Íslendingur hér? Minningar Leifs Muller, sú bók er að vissu leyti ólík bókinni sem nú er endurútgefin sökum þess að lengra er liðið frá fangavistinni þegar hún er skrifuð. Í fangabúðum nasista er lýsing á hremmingum vistarinnar og þeim hrottaskap sem Leifur og samfangar hans máttu þola. Hún er nákvæm og eins og margar álika bækur fjallar mikið um mat; matinn sem fangarnir fengu, matinn sem þá dreymdi um og matinn sem þeir 'skipulögðu', það er stálu. Hungrið var dagleg birtingarmynd baráttunnar við dauðann og frásögn Leifs gefur góða mynd af hvað þurfti til.

Stríðið sem aldrei átti að verða

Leifur skýrir ítarlega frá aðstæðum og eigin líðan en eins og kom í ljós seinna þá sleppti hann að ræða erfidustu upplifanir sínar í þessari bók. Líklega er það vegna þess hve stutt er liðið frá atvikunum sem Leifur fjallar um eigin þjáningar með því að lýsa því sem aðrir fangar gengu í gegnum. Í bókinni býr Íslendingur hér, sem kom út áratugum seinna kemur margt fram sem ekki kemur fram í bókinni sem nú er endurútgefin. Fyrst og fremst nýtur sú bók ágóða tímans sem er liðin frá atvikunum sem er lýst. Báðar eru mikilvægar heimildir um vist Leifs og afdrif. Í fangabúðum nasista er væntanlega

tilraun Leifs til að koma á blað hryllingsi sem margir drógu í efa að hefði orðið eða áttu erfitt með að kyngja að hefði raunverulega átt sér stað. Nú kynslóðum seinna erum við enn að leita skýringa á því hvernig slík voðaverk gátu gerst. Heimstýrjöldin fyrri átti að binda endi öll stríð en skömmu seinna tók við styrjöld sem átti sér engan líka.

Hin frjálsa Evrópa

Seinna stríðið átti líka að binda enda á öll stríð en við tóku hugmyndafræðileg átök sem skiptu heiminum í tvennt. Hin nýfrjálsa Evrópa var ekki frjáls lengi. Doðinn og afneitunin tók við og ekki bundu grimmdarverk átaka kaldastríðsins enda á önnur stríð.

Íslendingar voru ekki reiðubúnir að heyra allt það sem hann mátti þola þegar bókin var upphaflega gefin út. Satt best að segja efast ég oft um að við séum enn tilbúin. Íslendingum hefur ekki tekist að gera upp 'blessaða stríðið' og satt best að segja virðist okkur ekkert sérstaklega umhugað um slíkt uppgjör.

Kíkin fyrir blinda augað

Seinni heimstýrjöldin hafði afdrifarík áhrif á Íslendinga. Því fylgdu efna-hagsleg umsvif ólík því sem áður höfðu sést og nánari tengsl við umheiminn en áður. Styrjöldin markar upphaf svo margt í sögu okkar. Þrátt fyrir það er íslenska söguminnið svo brenglað. Við þekkjum „ástandið“ og höfum í flimtingum en þekkjum ekki persónunjósnirnar og ofsókninar sem ástandinu fylgdi. Rannsóknir á þessu eiga sér stað á okkar dögum. Við ræðum ekki stríðsgróðamennina



Fangi 68138, mynd af Leif úr spjaldskrá Sachsenhausen-fangabúðana.

og fjölskyldur þeirra. Hóp fólks sem græddi óhóflega á stríðinu í krafti stjórnmála- og viðskiptatengsla. Við höfum, ólíkt Dönum, ekki gert tilraun til að gera upp þátt okkar í að senda gyðinga og flóttamenn sem flúðu til Íslands aftur til Þýskalands, þar sem fólkið var oft tekið af lífi. Hávær krafa um uppgjör stjórnarflokks og Sjálfstæðisflokks vegna tengsla sinna við þýska nasista, er ekki fyrir að fara. Þá er engin krafa um að þáttur Hermanns Jónssonar, forsætisráðherra og leiðtoga Framsóknarflokksins, á árunum 1934 til 1942 fái heiðarlega umfjöllun. „Tíðarandinn“ virðist ávallt vera svarið, þegar einhver vogar sér að spyrja.

Það er inn í þetta umhverfi sem bókin birtist okkur nú, endurútgefin árið 2015. Í samfélag sem sér ekki ástæðu til að gera upp heimstýrjöldina, og helst ekkert annað heldur.

Afsökunarbeiðni

Við tölum ekki um íslensku nasistana, krefjumst ekki yfirbóta eða jafnvel heiðarlegri umræðu fyrir mína kynslóð



Vinnan gerir ykkur frjáls, alræmdustu orð útrýmingabúða nasista. Myndin er tekin við inngang Sachsenhausen.

og þá næstu sem á eftir fylgir. Árið 2005 spurði þýski fjölmiðillinn Deutsche Welle hvort Íslendingar ætluðu að biðjast afsökunar á að hafa sent hóp fólks út í rauðan dauðann í Þýskalandi nasismans. „Hvern ættum við að biðja afsökunar,“ svaraði Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra. Hvað er þetta annað en hroki?

Já hvern ættum við nú að biðja afsökunar? Mögulega væri hægt að byrja á afkomendum þeirra gyðinga sem vitad er að íslensk yfirvöld sendu til Þriðja ríkis nasista. Þar beið þeirra ekkert nema frelsisvopting, þjáningar og dauði. Ástæðan sem gefin var ungu gyðingapari, sem flúðu ofsóknir nasista, og komu hingað til lands ásamt börnum sínum, en voru send aftur til baka, var

að yfirvöld séu „principielt“ mótfallin því að veita gyðingum dvalarleyfi. Á Íslandi þurfti að verja kynstofninn hreina. Ísland var (og skal vera) fyrir íslendinga.

Að deila frelsi með kvalara sínum

Við lestur bókarinnar er gott að hafa í huga að hún er skrifuð áður en ljóst varð að Ólafur Pétursson, liðsmaður þýsku leyniþjónustunar, yrði fyrir tilstu-li íslenskrar utanríkisþjónustu og ríkis-stjórnar leystur frá ábyrgð. Ólafur ber ábyrgð á vist Leifs í fangabúðum og var þekktur sem „íslenski böðullinn“ í Noregi. Eftir stríð var áhrifum nýsamsettrar utanríkisþjónustu beitt til að koma honum frá réttvísinni. Svipaða sögu má segja af syni Sveins Björnssonar, fyrsta forseta Íslands, Björn Sveinsson Björnsson. Nasista sem spilaði rullu í því að leysa upp dönsku lögregluna vegna gruns um að hún ætlaði að gera uppreisn gegn þýska herliðinu. Tæplega 2000 danskir lögreglumenn voru handteknir í aðgerðunum og sendir í Neu-Engamme-búðirnar. Þar sem Leifur var seinna vistaður í skamman tíma áður en hann fór ásamt öðrum norðurlanda-búum til Svíþjóðar. Í bók Leifs kemur ekki fram að hann mátti búa við að mæta kvölurum sínum á Íslandi og án þess að krafa yrði gerð um uppgjör eða réttlæti. Það kemur heldur ekki fram að íslenskir fjölmiðlar gerðu samkomulag við Svein Björnsson um að fjalla ekki um þátt sonar hans í glæpum nasista. Um það varð ekki uppvist fyrr en síðar.

Gleðin í einföldum gæðum

Í bókinni verður maður þess áskynja að við hörmulegustu aðstæður er gleðina að finna í fábrotum gæðum. Hungrið sýkir allt en í upphafi vistarinnar, þegar hungrið var enn ekki jafn mikið, var aðgerðarleysið föngunum erfitt. Lýsing Leifs á sköpunargáfu fanganna við að finna sér eitthvað til dægurstyttingar er, eins ótrúlegt og það kann að hljóma, uppörvandi. Í Grini-fangelsinu bjuggu Leifur og samfangar hans sér til skákborð úr klósettappír og tannkremit. „Í klefa okkar, eins og öllum öðrum klefum fangelsisins, úði



GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | solskalar@solskalar.is | www.solskalar.is



Viðhaldsfríur

gluggar, hurðir, rennihurðir, sólskálar og svalalokanir

Yfir 80 litir í boði.

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirliggjandi hjá okkur.



Atli Þór Fanndal



Í möppu Mullers er því að finna eintak af bókinni *Býr Íslendingur hér og handrit af samnefndu leikriti*, sem sýnt var árið 1993. Þá er að finna blaðaklippur úr *Morgunblaðinu* af sýningu leikrítisins og útgáfu bókarinnar. Gögn um fangavist Leifs eru í Moskva.

og grúði af kakkalökkum og vorum við á sífelldum veiðum okkur til dægrestyttingar," segir í bókinni. „Stofnuðum við til veðhlaupa milli kakkalakka oft á dag og höfðum hina beztu skemmtun af því. En við vorum í rauninni alltof ákafir við veiðarnar því að eftir svo sem þrjár vikur vorum við búnir að geryða kakkalakkastofninum sem hafðist við hjá okkur. Almennt er það ekki talinn neinn kostur að hafa slík dýr í híbýlum sínum, en við sögnuðum kakkalakka-anna vissulega því að veiðarnar voru hin mesta tilbreyting. Mýs voru einnig í klefunum, en þær fóru sömu leiðina og kakkalakkarnir, við útrýmdum þeim líka.“

Í forsál helvítis

„...ef eitthvert helvíti er til á þessari jörð, þá er það í geryðingarfangabúðum nazistanna.“

Átakanlegast er að lesa lýsingar Leifs á aðstæðum sín og samfanga. Hann



Ryðbrunninn gaddavirgirðing Sachsenhausen-búðana stendur enn ásamt þessu skykti sem tilkynnir fögnum að þeir sem hætti sér of nálægt múrunum verði tafarlaust skotnir.



Leifur sneiðir frá því að fjalla um tímann sem hann starfaði í líkbrennslu búðanna í þessari bók. Líklega var of stutt liðið frá atvikum þegar bókin kom út.

Lýsir um leið þeirri stéttaskiptingu sem var að finna innan fangabúðanna. Stéttarskipting sem var viðhaldið af nasistum og bágri stöðu fanganna. Nasistar eins og aðrar alræðishreyfingar kunnu þá list að deila og drottna. Hatur nasista á frjálsri hugsun birtist vel í bókinni. „Fangabúðir þessar, eins

og svo margar aðrar, höfðu fangarnir orðið að byggja að mestu sjálfir eftir að venjulegum vinnutíma var lokið. Skálarnir og veggirnir í kring, sem voru hlaðnir úr höggnum steini, og steinlagðar göturnar höfðu oft kostað síðustu blóðdropa ýmissa lærðustu og beztu manna Þýskalands.“

Sachsenhausen-búðirnar

Fangabúðirnar sem Leifur var mestan tíman eru einar elstu fangabúðir nasista. Byggðar til að hýsa pólitíska fanga og þá sem mögulega gátu veitt hugmyndum nasista viðspyrnu. Við lok stríðsins var þeim ekki lokað heldur nýttu sovésk hernadaryfirvöld þau sem fangabúðir til ársins 1950. Það er erfitt til þess að hugsa að eftir að sovéskir hermenn frelsuðu Leif og samfanga hans nýttu þeir búðirnar í samskonar tilgangi. Á hliði búðanna má sjá Arbeit Macht Frei, vinnan gerir ykkur frjáls. Frelsið var fólgið í dauðanum og þótt setningin sé í dag vel þekkt vekur hún enn óhug. Steypt í járn sem sýnishorn yfir sjúka vonsku Þýskalands nasismans.

Ég er við störf í Berlín þessar vikurnar og heimsótti búðirnar á dögunum í tilefni af endurútgáfu bókarinnar. Á bókasafni Sachsenhausen er að finna litla möppu um Leif. Gögn nasista um hann er þó ekki að finna þar sökum þess að herlið Sovétríkjanna flutti mikið magn af gögnum búðanna til Moskva. Þar á meðal eru skrár fanga númer 68138, Leifs Muller. Í möppu Mullers er að finna eintak af bókinni *Býr Íslendingur hér og handrit af samnefndu leikriti*, sem sýnt var árið 1993. Þá er að finna blaðaklippur úr *Morgunblaðinu* af sýningu leikrítisins og útgáfu bókarinnar. Mappa Leifs er því fyllt áratugum eftir vist hans í búðunum. Unnið er að því að safna frekari gögnum um hann og aðra fanga.

Alla úr landi

Endurútgáfa bókarinnar getur orðið upphafið að heiðarlegu uppgjöri. Þess er sannarlega þörf í landi þar sem varla líður vika án þess að fólk í mikilvægum trúnaðarstöðum fyrir annan stjórnar-

flokkanna, hamri á ótta við útlendinga. Útgáfa bókarinnar verður vonandi ekki bara uppgjör við stríðið heldur kveikjan að umræðu um hvert við stefnum. Þess er sannarlega þörf í landi þar sem umræða um öklaband á hælisleitendur ratar í þingsal. Þar sem fyrrverandi fulltrúi Framsóknarflokksins í hverfisráði vill sjá alla múslima úr landi. Þar sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins vill rannsaka múslima fyrir það eitt að vera múslimar. Í landi þar sem þrjú höfuð valdsins; forsætisráðherra, biskup og forseti, sameinast um áhyggjur sínar af umræðuhefð almúgans. Þar sem lögregla skráir stjórnarmálaskoðanir fólks í heimildaleyfi og stjórnarmálamenn biðja listafólk um að skilja skoðanir sínar eftir heima en ræða þær ekki á ríkismíðlinum. Í landi þar sem lögreglan drepur mann og fær fyrir vikið leiðara í útbreiddasta blaði landsins, dagin eftir, þar sem aðgerðirnar fá gæðavottun. Í landi þar sem spunameistarar sameinast um að kaupa og gelda fjölmiðil sem hélt uppi hugmyndafræðilegri gagnrýni og veitti aðhald. Í slíku landi er kannski ekki svo galið að endurútgæfa slíka bók.

„Þeir sem halda að eitthvað í íslensku samfélagi eða stjórnárum sé fasískt vita ekki hvað það orð þýðir,“ skrifaði Jóhannes Þór Skúlason, sagnfræðingur og aðstoðarmaður forsætisráðherra, nýlega á Facebook. Fasískar hneigðir Framsóknarflokksins voru til umræðu, eins og svo oft áður.

Þeir sem halda að fasískar hneigðir séu bara eitthvað útlenskt sem aldrei verður lagað að hinum frægu 'sér-íslensku aðstæðum' þekkja ekki eigin sögu.

ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLUTUM!



**VARAHLUTIR
OG OLÍUR
FYRIR FLESTAR
GERÐIR BÍLA**

AB VARAHLUTIR - WWW.AB.IS

REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI - EGILSSTAÐIR - SÍMI: 567 6020 - ALLTAF BETRI





Svavar Halldórsson

Sumar og sól . . . eða hvað?

Á hverju vori lyftist á milli brúnin þegar daginn tekur að lengja og maður þykist vita að brátt komi vor. Skæðadrífa af lægðum eins og við höfum fengið yfir okkur síðustu vikurnar megnar ekki einu sinni að slökkva þennan vonarneista vorsins í brjóstinu. Bráðum kemur sumar með tilheyrandi blíðviðri og sól. Eða hvað? Fyrir okkur sem búum á höfuðborgarsvæðinu er fyrirheitið um blítt og gott sumar ekkert sérstaklega trúverðugt. Síðustu tvö sumur hafa að minnsta kosti ekki staðið undir væntingum. Kannanir MMR sýna að aðeins þriðjungur hefur verið ánægður með veðrið. Ætli það sé ekki sami hópur og fer til Spánar á sumrin eða á sumarbústað fyrir norðan eða á Austurlandi?

Missum ekki móðin

Merki tíðarfarsins í fyrra og hitteðfyrri sáust greinilega í sölutölum um mat, bjór og léttvín. Fyrir u.þ.b. ári talaði blaðið við Pál Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóra. Hann sagði mikinn vanda að spá fyrir veður langt fram í tímann. Einfaldara sé reyndar

að spá fyrir um hita en úrkomu. Þó sé vitað að við séum á síðari hluta hlýindakafla, en á norðurhveli gangi á með sveiflum þar sem skiptis á um það bil 30 ára hlýindaskeið og jafn löng kuldaskeið. Þarsíðasta sumar hafi verið „sérstaklega leiðinlegt hér fyrir sunnan.“ Það komi ekki oft mörg

svoleiðis sumar í röð. Nú höfum við fengið a.m.k. tvö blaut sumar. Hverjar eru líurnar á því? Svo við getum kannski enn verið bjartsýn.

Veður og matur

Veðrið skiptir miklu máli fyrir það hvernig njótum matar og upplifum hann. Í sól og sumaryl er grillið dregið fram en þegar kaldara er í veðri viljum eldum við meira inni í eldhúsi. Við eldum líka öðruvísi mat í köldu en heitu veðri. Svo er að ekkert sérstaklega mikið sport að sötra kalt hvítvín eða bjór á pallinum í grenjandi rigningu. Jafnvel þótt mestar líkur séu á sól og blíðu um hásumar, er ekkert tryggt í þeim efnum. Síðustu tvö sumur verða hugsanlega lengi í minnum höfð sem sumar hinna misheppnuðu garðpartía eða útibúðkaupa. Margir sem undirbúið hafa slíkar veislur af kostgæfni hafa þurft að bíta í það súra epli að náttúran á engan húsbónda nema sig sjálfa. Á einhverjum tímupunkti hætta fólk svo að gera ráð fyrir sól og fer að reikna með rigningu í júlí. Þá gæti sveitabúðkaupunum farið að fækka. A.m.k. sunnan- og vestanlands. En við skulum nú vona að slíkar svartsýnis-spár rætist ekki.

Súvíd eða hamburgarar til bjargar

En það er þó ekki öll von úti þótt hann rigni. Margt af þeim mat sem við veljum okkur gjarnan á grillið er jafn gott eða jafnvel betra að steikja á pönnu, grilla í ofni eða jafnvel að súvíða (þ. e. nota svokallaða Sous Vide aðferð. Sjá nánar á www.islenskurmatur.is/um-sous-vide/). Hér er ég fyrst og fremst að vísa til hamburgara, kartafna og góðra steika. Leynardómurinn við góðan hamburgara felst t.d. ekki í miklu sól-skini, heldur í góðu hráefni og réttu matreiðslu. Oft er einmitt betra að



Besta Bernaisesósan

HRÁEFNI

4 eggjarauður.

200 g íslenskt smjör.

Örlítið sjávarsalt.

Örlítið af svörtum pipar.

1 hvítlauksgeiri

1-2 stíklar af graslauk eða smávegis af vorlauk.

Chili á hnífsoddi

Lúka af fersku fáfnisgrasi (estragoni). Líka má notast við þurrkað estragon.

3 msk góð ólífuólía.

AÐFERÐ

Bræðið hundrað grömm af smjöri og skerðið afgangin niður í teninga. Setjið í hrærivélaskál og hrærið vel saman. Hellið svo eggjarauðunum varlega saman og þeytið, varlega í fyrstu. Saxið lauk, hvítlauk, chili og fáfnisgras mjög smátt. Ef þið notið þurrkað fáfnisgras er líka gott að saxa það eða mylja í morteli. Bætið þessu öllu saman út í ásamt salti og svörtum pipar. Gerið það í litlum skömmtum og smakkið til. Bætið olíunni út í og hrærið vel.

stýra hitastigi á pönnu en á grilli. Gróft brauð, nýupptekið íslenskt grænmeti og úrvals kjöt er veislumatur, hvort sem eldað er á grilli eða pönnu. Satt best að segja eru flestar steikur miklu betri ef þær eru súvíðaðar heldur en af grillinu, hvort sem um er að ræða naut, grís,

kjúkling eða lamb. Svo er það sósan. Hér á síðunni er að finna uppskrift að hreint magnaðri Bernaisesósu – þeirri bestu sem undirritaður hefur smakkað. Hún er svo góð að hún kallar nánast á endurútgáfu Íslensku hamburgara-bókarinnar.



Velkomin á nýtt rammaverkstæði og verslun



Úrval tilbúinna ramma og myndaalbúma



Rauðarárstíg 33, 105 Reykjavík
Fjarðargötu 19, 220 Hafnarfirði,
sími 511-7000, www.innrammarinn.is

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

VOR Í ÁRBORG 2015

Bæjar- og menningarhátíð haldin 23. – 26. apríl í Sveitarfélaginu Árborg

Fjöldi sýninga, tónleika og annarra viðburða fyrir alla fjölskylduna. „Gaman saman“ leikurinn á sýnum stað. Opnunarhátíð á Hótel Selfoss kl. 17:00 fim. 23. apríl þar sem menningarviðurkenning Árborgar 2015 er afhent. Nánar um hátíðina á www.arborg.is.



Sveitarfélagið
ÁRBORG



GRAEN PRENTUN Í ÖLLUM LITUM

*Næst þegar þú þarft á prentun að halda
slepptu því þá ekki að fá tilboð frá okkur.*

 **LITRÓF**
p r e n t s m i ð j a

Vatnagörðum 14 Reykjavík • Sími 563 6000 • www.litrof.is



YFIR 70 ÁR
Í ÍSLENSKUM
PRENTIÐNAÐI

Á leiðinni heim:

Hollt að versla á hjólinu

Það fer vel með umhverfi og þyngju að gera innkaupin á hjóli. Þau vilja verða markvissari þegar huga þarf að umfangi varningsins, jafnvel hollari og skynsamari! Flestir velja að sleppa snakkinu og gosinu en taka með sér eðal súkkulaði í staðinn, það passar svo miklu betur í hjólatöskuna. Í tvær

rúmgóðar hjólatöskur má koma glettlega miklu af daglegum neyslurvarningi og það er létt að stíga hjólið fulllestað.

Góðar hjólatöskur kosta sitt og stundum betra að reikna verðið í bensínafyllingum á bílinn þegar leggja á þá fjárfestingu til við heimilisbókhaldið. En vitið til; það er fjárfesting



Sesselja Traustadóttir, Hjólaferni á Íslandi

sem er fljót að skila sér til baka í skynsamlegum innkaupum, meira nota-gildi fyrir hjólið og minna skutli. Svo er þetta með betri stórafmælisgjöfum fyrir vinahópinn að slá saman í. Ekki gleyma því.

Búðareigendur ættu að sjá hag sinn í að taka vel á móti hjólandi viðskiptavinum því sá sem er á hjóli, er líklegri til að koma oftar í búðina og taka oftar með sér heim ferskvöru en sá sem fer sjaldnar. Góð hjólastæði eru mikil-



Pakkahjól eru frábær í innkaupin og henta vel til minni snúninga í þéttbýli

Mynd RC

væg, eins og þessi við aðalinnangang Kringlunnar – þar er gott að læsa hjólinu við bogana. Áberandi staðsetning og nokkuð skjólgott.

Best er að hafa búðina í leiðinni heim, aðgengilega innan hverfisins og stutt að hjóla með kælivöruna í ísskápinn. Því fögnum við sem hjólum, eflingu verslunar inni í íbúðahverfum borgarinnar.

Til stærri innkaupa eru ýmsar tegundir af hjólakerrum upplagðar eða pakkahjól. Þau henta vel til minni snúninga í þéttbýli. Það væri líka skemmtilegt ef einhver matvöruverslunin eignaðist pakkahjól fyrir viðskiptavinum til að hjóla heim með varninginn sinn. Ég myndi örugglega gera þá verslun að uppáhaldsbúðinni minni.

Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu Þær fyndnustu í bænum Síðustu sýningar á leikárinu



Konubörn

★★★★★

Fimmtudagur 16 apríl Sunnudagur 19 apríl
Föstudagur 24 apríl

Tryggið
ykkur miða
565 5900
midi.is



★★★★★
"Leikhúsgaldrar og töfrabróð eru nýtt með frábærum hætti í sýningunni..." Mbl

Sunnudagur 26 apríl
Sunnudagur 3 maí



Vorhátíð barnanna haldin á Seltjarnarnesi

Vorhátíð barnanna verður haldin hátíðleg í fyrsta sinn á Seltjarnarnesi nættonandi þriðjudag, 21. apríl. Dagskráin fer fram í

Bókasafni Seltjarnarness og eru öll börn boðin velkomin segir í tilkynningu. Heiðursgestir hátíðarinnar eru Kuggur, Málfríður og mamma

Málfríðar, sem sýna atriði úr leik-sýningunni Kuggur, sem nú er sýnd í Þjóðleikhúsinu. Dagskráin hefst kl. 13:15.

Afmælimálþing Nafnfræðifélagsins

Í tilefni af því að Nafnfræðifélagið Íter 15 ára um þessar mundir verður haldið málþing í dag, laugardaginn 18. Apríl, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Málþingið hefst klukkan 13.15. Þar verða haldnir þrjú fyrirlestrar um

nafnfræði. Margrét Valmundsdóttir, verkefnisstjóri á Stofnun Árna Magnússonar flytur erindið: Fúli, Rani og Filpatótt - Geta örnefni lifað af ábúendaskipti?

Jón Axel Harðarson, prófessor við

Háskóla Íslands flytur erindi um Guðsheitid Yngvi og mannanöfn leidd af því og Ioks flytur Elin Ingibjörg Eyjólfsdóttir erindið Tungumál á vegvisum, tungumál sem vegvísir.

Eftir málþingið er boðið upp á kaffiveitingar, en allir eru velkomnir og ekkert kostar inn.

Prif ehf

SÍMI 89 89 566

www.prif.is / www.thrif.net
netfang: thrif@centrum.is

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í útleigu fyrir túrista.

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.

Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum. Hafið samband og leitið tilboða.



Kíktu í heimsókn á Facebook síðuna okkar og taktu þátt í skemmtilegum leik. Þú gætir unnið 100.000 króna inneign á vinnu hjá Garðþjónustu Íslands.



okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- JÓLASKREYTINGAR

um okkur

Við hjá Garðþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is



Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is

www.garda.is

garda@garda.is

Málmtækni er þjónustufyrirtæki í málm- og plastiðnaði

Helstu vöruflokkar

Ryðfrítt stál

303
304
316 & fl.
Plötur
Stangir
Fittings

Ál

5754
6082
6061
7075
Plötur
Stangir
Beygjur
Gataplötur

Járn

Galv
Rafgalv
Kaldvalsað
Heitvalsað
Aluzink
Poly stál

Plast

PEHD
300
500
1000
POM
PA
PTFE
PC
PET
PP
PEEK
PVC

Loftsiur

F3
F4
F5
F7
F9
Paintstop
Hepa
Dúkar
Pappasiur
Rammar

Bandsagarblöð

Eir
Messing
Blý
Zink

Ál

Klæðningar og undirkerfi
Litaðar ál plötur

Plast tappar
Glerfestingar
Fánastangir
Fánaborgir
Fjaðurstál



MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

Málmtækni HF | Vagnhöfði 29 | 110 Reykjavík | 580 4500 | www.mt.is


BAKSÍÐAN


Björk Þorleifsdóttir

Verkfalleri, verkfallera...

Verkföll eru leiðinleg. Verkföll eru líka tímaskekkja. Það er ekkert minna en fáránlegt að launafólk þurfi að grípa til þess ráðs að fara í verkfall á því herrans ári 2015 í íslenska velferðarsamfélaginu til þess að fá mannsæmandi laun og/eða eðlilegan vinnutíma. Maður fer líka í ákveðna sjálfsskoðun þegar ástandið er svona. Til hvers í ósköpunum að eyða mörgum árum og fullt af peningum í að mennta sig þegar afraksturinn er lítills metinn? Á hverju ári þarf ég að borga andvirði þriggja vikna launa í endurgreiðslu námslána. Við skulum ekki einu sinni minnst á peningana sem ég hefði getað safnað með vinnu í stað náms öll þessi ár. Ég tek það reyndar fram að ég hef aldrei og mun aldrei sjá eftir árunum sem fóru í að mennta mig. Ég trúi nefnilega staðfastlega gamla frasanum um að mennt sé máttur.

Mín leið til að takast á við ástandið er að rækta matjurtir. Það er ágætt að vera sjálfbær um mat þegar verkföll eru yfirvofandi og sá sem valdið hefur virðist lítinn áhuga hafa á að bæta ástandið. Ég sáði því fyrir margskonar tómötum, eggaldinum og kryddjurtum og kartöflurnar eru að spira á fullu. Þá treysti ég á að laukurinn og hvítlaukurinn frá í fyrra muni dafna vel í matjurtagarðinum í ár. Ef vel tekst til mun ég geta skellt í sikileyskan eggaldinrétt með steiktum kartöflum og slatta af basilíku. Allt nema olífuolían, saltið og piparinn verður heimaræktað. Það eina sem vantar í veisluna er eftirrétturinn. Ég hef reyndar engar áhyggjur af honum, Bjarni Ben er örugglega á leiðinni til mín með íspinna.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er
578 1190Netfang:
auglysingar@fotspor.is
www.fotspor.is

Lagersala!
75%
 afsláttur
 Haugur af hulstum fyrir
 iPhone 3G/3GS,4/4S, 5/5S
 á aðeins 990 kr.
iStore
 Kringlunni

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.420.000 kr.
 Útborgun frá aðeins 342.000 kr.

Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Hver vill ekki fara 1.330 km án þess að fylla á og fá svo líka frítt í stæði? Komdu og reyndu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skýlt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
 Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Reykjavík vikublað er dreift á öll heimili í Reykjavík í 50 þúsundum eintökum.